

## **Fundargerð skólaráðsfundar í Skóla Ísaks Jónssonar 12.október 2010**

Nýr skólaráðsmeðlinur, Chien Tai Shill, bættist í hópinn, sem þriðji fulltrúi foreldra.

### **1. Fjármál skóla – samningar við borgina**

#### ***Sölusamningur um fasteign skólans?***

Skólanefnd hefur átt í viðræðum við borgina um kaup á skólahúsnæðinu til þess að tryggja betur rekstur skólans. Í drögum að samningi er gert ráð fyrir að skólinn kaupi húsnæðið til baka að 5-10 árum liðnum. Til stóð að klára þessa vinnu fyrir 15. júní en ennþá hefur ekki verið gengið frá neinu. Borgin greiddi þó skólanum 15 millj. kr. í sumar. Á síðasta ári var tekið lán hjá Landsbankanum til þess að greiða upp yfirdrátt og eldra lán og hefur skólinn staðið í skilum við bankann. Ef borginn kaupir fasteignir skólans mun hún taka þetta lán yfir, ásamt fasteignatengdum liðum (fasteignagjöld, tryggingar, viðhald o.fl) en skólinn greiða borginni leigu fyrir afnot af húsnæðinu. Leiguupphæðin sem er talað er um er svipuð þessum kostnaði öllum svo skólanefnd á eftir að taka endanlega ákvörðun um framhaldið. Skólanefnd hefur einnig óskað eftir fundi með bankastjóra Landsbankans þar sem óskað verður eftir lækkun á láninu ef til kemur að það verður borgað upp. Sigríður Anna mun upplýsa skólanefnd um framvindu mála.

#### ***Framlög nágrannasveitarfélaga með nemendum***

Enn er ekki búið að ganga frá framlögum með grunnskólanemendum búsettum í nágrannasveitarfélögunu. Vonir standa til að samþykkt verði að a.m.k. 660.000,- með börnum utan Reykjavíkur. Hingað til höfum við fengið 440.000,- með hverju barni. Tekist hefur að hækka framlögin með 5 ára börnum síðan í haust til samræmis við leikskólaframlög hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Kópavogsbörn eru nú 30 í skólanum. Þótt rétt væri að það væri borgað jafnt með þeim og Reykjavíkurbörnum myndi 660.000,- duga til að endar næðu saman. (Kannski leysist það með því að Jón Gnarr sameini Reykjavík og Kópavog :)

### ***Sálfræðipjónusta***

Nýtt ferli fyrir sálfræðipjónustu einkaskólanna er loksins komið í höfn. Við fáum Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Arna Björk Birgisdóttir sálfræðingur er tengiliður við skólann. Tryggvi Sigurðsson verður ekki lengur skólasálfræðingur skólans. Ferlið verður sett upp á netinu fyrir foreldra, þannig að þegar barn lendir í vanda geti fólk auðveldlega kynnt sér hvert eigi að snúa sér í málinu.

## **2. Matarmálin**

Happ er komið í hús og mikil ánægja með það. Þó er mikilvægt að vera vakandi yfir því sem betur mætti fara. Happ þarf að birta skýrt matseðil og innihald réttanna á netinu. Vel gengur að borða í kennslustofunum og jafnvel þykir kostur að geta átt rólega stund yfir matnum á meðan kennarinn les fyrir bekkinn. Það kann að vera betra en að allir væru í stórum háværum matsal.

### **3. Frístundarmál**

Það gengur allt vel fyrir sig. Chien leggur til fimleikakennara úr Háskólanum í Reykjavík. Það líst okkur vel á, enda hafa allir fimleikakennarar runnið okkur úr greipum til þessa. Stefnt er að því að geta boðið upp á fimleika í leikfimissalnum á vorönn.

### **4. Gæslan**

Isabella færir upp í Sunnuhlíð með margra ára reynslu úr Sólbrekku. Stefnt er að því að allar reglur á skólatíma gildi í gæslunni. Ísabella og Hugrún hafa yfirumsjón með því. Það á að loka húsinu og læsa eftir klukkan 2. Þá eiga börnin að leika úti. Önnur leið fyrir foreldra sem sækja börnin sín þá. Klukkan 3 fara þau inn í nesti og eru róuð niður með því að lesa fyrir þau sögu á meðan þau borða. Eftir nesti byrjar “inni vinna”. Til stendur að loka Sólbrekka og Sunnuhlíð klukkan 4 á föstudögum frá og með áramótum.

### **5. Opinn fundur**

Áætlaður opinn fundur á að vera eftir klukkan 5 með gæslu fyrir börnin.

### **6. Önnur mál**

Ekki fannst tími fyrir önnur mál, enda farið yfir marga stóra og mikilvæga pósta á fundinum.

